

5. maí 2015

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti eftirfarandi bókun á 733. fundi sínum sem haldinn var í dag:

“Bæjarráð Vesturbyggðar hvetur sjávarútvegsráðherra til að auka strandveiðikvóta um 2000 tonn, úr 8600 tonnum í 10600 tonn á þessari vertíð. Á síðasta ári nam verðmæti strandveiðiafla í kringum 200 milljónir í Vesturbyggð. Var sveitarfélagið hæst yfir landið þegar kemur að strandveiðiafla. Sérstakt strandveiðigjald skiptir hafnarsjóð miklu máli enda kallar fjölgun báta á mikla uppbyggingu í höfnum sveitarfélagsins. Nú í byrjun maí eru um 35 bátar á strandveiðum frá Vesturbyggð og má ætla að sá fjöldi tæplega tvöfaldist á næstu mánuðum miðað við reynslu fyrri ára. Aukning strandveiðikvóta skiptir því gríðarlega miklu máli fyrir samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.